

Til Atvinnuveganefndar Alþingis.

Varðandi: Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða
(veiðistjórn grásleppu)

Ég vil byrja á að þakka atvinnuveganefnd fyrir að leggja þetta frumvarp fram.

Frumvarp sem var klárað í nefndini á síðasta þingi en komst ekki til loka afgreiðslu .

Með þessu frumvarpi er búið að koma á mótsvið flest þau sjónarmið sem komið hafa fram á undanförunum árum varðandi veiðistjórn grásleppu.

Svo sem svæðaskiptingu og hámarkshlutdeild 1.5% nýliðunarpott og fl.

Með kvótasetningu á grásleppu eiðum við þeirri óvissu sem hefur verið og aukum fyrirsjáanleika veiðana.

Fyrirsjáanleikin hefur ekki verið til staðar í núverandi kerfi það eru gefnir út dagar yfirleitt er byrjað að gefa út 25 daga svo menn geti byrjað svo er beðið eftir ráðgjöf Hafró til að ákveða endanlegan dagafjölda sem hefur gengi misvel og oftast illa td 2023 voru gefnar út 5 reglugerðir um dagafjölda á grásleppu fyrst 25 svo 35 svo 45 og það dugði ekki til þá var lokadegi á svæðum breytt tvisvar. 16 maí þegar dagafjölda var breytt úr 35 í 45 var fjöldi báta búnir með sína 35 daga og komnir á annan veiðiskap og mistu því 10 daga sem þeir máttu veiða. Það sér hvaða maður sem vill að þetta gengur ekki upp hvorki hvað fyrirsjáanleika varðar eða jafnræðis milli báta.

fh

Hrafnasteina ehf

Þróstur Ingi Auðunsson